

Fimmtudaginn 29. september 1994.

Nr. 337/1991.

Glitnir hf.

(Ólafur Axelsson hrl.)

gegn

Konráð Baldvinsyni

Ingimar Þorlákssyni og

Baldvin Jóhannssyni

(Pétur Guðmundarson hrl.)

Sjálfskuldarábyrgð. Gjaldþrotaskipti. Vanlýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1991. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og kröfur sínar fyrir héraðsdómi teknar til greina, það er, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 245.915 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. júlí 1988 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu undirrituðu sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu á fjármögnunarleigusamning áfrýjanda og hlutafélagsins Búts frá 2. júní 1987. Stefndi Konráð var framkvæmdastjóri og einn hluthafi félagsins. Stefndu Ingimar og Baldvin voru einnig hluthafar í fyrirtækinu og hinn síðarnefndi jafnframt stjórnarmaður. Bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 19. október 1989, og lauk kröfulýsingarfresti 3. janúar 1990. Af hálfu stefndu kom fram hér fyrir dómi, að skiptum þrotabúsins væri enn ólokið og óvíst um fjárhagslega stöðu þess, þar sem dótturfyrirtæki Búts hf. stæði enn í málaferlum.

Óumdeilt er, að áfrýjandi lýsti ekki kröfu sinni á hendur hinu gjaldþrota hlutafélagi í þrotabú þess. Ágreiningur aðila snýst einvörðungu um það, hvort aðgerðaleysi áfrýjanda í því að lýsa kröfu sinni á hendur stefndu í þrotabú aðalskuldara fjármögnunarleigu-

samningsins, hlutafélagsins Búts, leysi þá undan ábyrgð sinni samkvæmt samningnum.

Með ábyrgðaryfirlýsingu sinni tókust stefndu á hendur „óskipta sjálfskuldarábyrgð á fullum efundum“ hlutafélagsins á samningnum. Slíkri sjálfskuldarábyrgð er ætlað að veita vernd gagnvart ógjaldfærni skuldara. Engin ákvæði er að finna í lögum þess efnis, að krafa falli niður á hendur ábyrgðaraðila, ef henni hefur ekki verið lýst í þrotabú aðalskuldara. Samkvæmt 111. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978 kemur krafa, sem tryggð er með sjálfskuldarábyrgð, ekki til greina við úthlutun, sé henni ekki lýst innan kröfuhlýsingarfrests. Þegar svo stendur á, glatast slík krafa að jafnaði gagnvart búinu, sbr. nú 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991. Ákvæði þessi fjalla hins vegar ekki um það, hvort ábyrgð sjálfskuldarábyrgðarmanns telst að sama skapi niður fallin.

Af framburði bústjóra þrotabús Búts hf. fyrir héraðsdómi er ljóst, að líkur benda til þess, að ekkert fáist upp í almennar kröfur á hendur búinu. Málaferlum dótturfyrirtækis hlutafélagsins er ekki lokið, og stefndu hefur ekki tekist að sýna fram á, að eitthvað muni fást upp í almennar kröfur við búskiptin. Þeir hafa því ekki sýnt fram á, að áfrýjandi hafi bakað þeim tjón með vanlýsingu sinni.

Samkvæmt þessu er krafa áfrýjanda á hendur stefndu ekki niður fallin, og eru stefndu því bundnir af ábyrgðaryfirlýsingu sinni. Ber því að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda óskipt 245.915 krónur ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Konráð Baldvinsson, Ingimar Þorláksson og Baldvin Jóhannsson, greiði áfrýjanda, Glitni hf., 245.915 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. júlí 1988 til greiðsludags, er leggja má við höfuðstól, í fyrsta sinn 15. júlí 1989.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júní 1991.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 17. maí sl., hefur Glitnir hf., kt. 511185-0259, Ármúla 7, Reykjavík, höfðað með áskorunarstefnu, birtri 11. október 1990 og 12. október 1990, á hendur Konráð Baldvinsyni, kt. 150446-7169, Furu- grund 26, Kópavogi, persónulega og f. h. Búts hf., kt. 590374-0249, Ránar- götu 16, Siglufirði, Ingimar Þorlákssyni, kt. 230624-2839, Hvanneyrarbraut 51, Siglufirði, og Baldvin Jóhannssyni, kt. 210621-2029, Hvanneyrarbraut 7 B, Siglufirði, til greiðslu skuldar in solidum, að fjárhæð 245.915 kr., ásamt dráttarvöxtum [...].

Við munnlegan málflutning 17. maí sl. féll lögmaður stefnanda frá öllum kröfum á hendur stefnda, Búti hf.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og máls- kostnaðar [...].

II.

Með samningi um fjármögnunarleigu, dagsettum 2. júní 1987, tók Bútur hf. á leigu Victor-VPC-II-30-skjá, lyklaborð, NPC-P7-prentara og hugbún- að hjá stefnanda, Glitni hf. Lágmarkssamningstími var frá 18. maí 1987 til 14. október 1990 skv. 5. gr. fjármögnunarleigusamningsins. Gjald dagar voru umsamdir 36 mánaðarlegar greiðslur, og bar að greiða fyrstu leigugreiðsl- una 15. október 1987. Umsamin mánaðarleiga nam samtals í USD 107 og DEM 190.

Fjármögnunarleigusamningurinn er í vanskilum. Hinu leigða hefur verið skilað, og nam verðmæti þess við afhendingu 99.100 kr.

Skuldin sundurliðast þannig:

1. Eldri skuld, gjaldfallnar afborganir ásamt dráttarvöxtum	kr.	121.651
2. Gjaldfelldar leigugreiðslur, eftirstöðvar leigusamnings	–	220.204
3. Útlagður kostnaður vegna standsetningar hins leigða	–	3.160
	Samtals	<u>kr. 345.015</u>

Að frádregnu verðmæti hins leigða, 99.100 kr., er skuldin samkvæmt samningnum 245.915 kr. miðað við skiladag 15. júlí 1988.

Stefndu, Ingimar Þorláksson, Baldvin Jóhannsson og Konráð Baldvins- son, eru sjálfskuldarábyrgðaraðilar á fjármögnunarleigusamningnum.

III.

Stefnandi reisir kröfugerð sína í málinu á því, að stefndu séu allir sjálf- skuldarábyrgðaraðilar á fjármögnunarleigusamningi, dagsettum 2. júní

1987, milli Glitnis hf. sem leigusala og Búts hf. sem leigutaka. Samningnum hafi verið sagt upp vegna vanskila skv. 14. gr. samningsskilmála og vanskilin innheimt í samræmi við 16. gr. samningsins. Stefnandi vísar til almennra reglna kröfuréttar og loforðs stefndu um greiðslu kröfunnar með undirritun sinni á fjármögnunarleigusamninginn sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að hlutafélagið Bútur hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 19. október 1989 og innköllun til skuldheimtumannanna birt í Lögbirtingablaði. Kröfulýsingarfrestur hafi verið til 3. janúar 1990. Hafi stefnandi ekki lýst kröfu í búið, þótt Bútur hf. væri aðalskuldari kröfunnar. Krafa stefnanda á hendur Búti hf. sem aðalskuldara sé því fallin niður fyrir vanlýsingu stefnanda. Stefndu sé því ómögulegt að öðlast endurkröfu á hendur búinu, ef þeim yrði gert að greiða kröfu stefnanda sem sjálfskuldarábyrgðarmönnum kröfunnar. Krafa stefnanda á hendur stefndu sé því einnig niður fallin fyrir vanlýsingu.

Um lagarök vísa stefndu til 3. tl. 19. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 35. gr. og 111. gr. sömu laga og 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 3. og 6. gr. laga nr. 11/1986.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að krafa á hendur sjálfskuldarábyrgðaraðilum sé niður fallin fyrir vanlýsingu. Ljóst sé, þótt skiptum sé ekki enn lokið, að ekkert fáist upp í almennar kröfur, þar sem forgangskröfur séu það háar. Stefnandi vísar og til þess, að samkvæmt fjármögnunarleigusamningnum sé leigutaka í sjálfsvald sett, hvort hann gangi að aðalskuldara eða ábyrgðarmönnum.

IV.

Hlutafélagið Bútur hf., aðalskuldari samkvæmt umstefndum fjármögnunarleigusamningi, hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta. Gjaldþrotaskiptin voru auglýst í Lögbirtingablaði og jafnframt innköllun til skuldheimtumannanna. Kröfulýsingarfrestur var til 3. janúar 1990. Skiptum er ekki lokið.

Óumdeilt er, að kröfu samkvæmt fjármögnunarleigusamningi, sem mál þetta snýst um, var ekki lýst í bú aðalskuldara, sem er hlutafélag. Krafan kemur því ekki til úthlutunar úr þrotabúinu, sbr. 111. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Af 113. gr., sbr. 114. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, verður ráðið, að skylt er að slíta hlutafélagi, verði það gjaldþrota. Af því leiðir, að krafa fellur endanlega niður fyrir vanlýsingu eða við skiptalok. Krafa stefnanda á hendur aðalskuldara, Búti hf., er því fallin niður.

Stefndu í máli þessu undirrituðu svohljóðandi sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsing: „Við undirritaðir tökumst á hendur óskipta sjálfskuldarábyrgð á fullum efndum samkvæmt fjármögnunarleigusamningi þessum.“

Sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsing stefndu er ekki þannig úr garði gerð, að

hún standi sjálfstætt, eftir að krafan á hendur aðalskuldara féll niður með þeim hætti, er hér varð.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu, Konráð Baldvinsson, Ingimar Þorláksson og Baldvin Jóhannsson.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 90.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur.

Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Konráð Baldvinsson, Ingimar Þorláksson og Baldvin Jóhannsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Glitnis hf.

Stefnandi, Glitnir hf., greiði stefndu 90.000 kr. í málskostnað með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi frá dóms-
uppsögu til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum.
